

Óbyggðanefnd

01 261

Ársreikningur 2022

Efnisyfirlit

Bls.

Skýrsla og áritun forstöðumanns	2
Yfirlit um afkomu ársins	3
Efnahagsreikningur	4
Sjóðstreymisyfirlit	5
Skýringar	6

Óbyggðanefnd

kt. 580998-3139

Skuggasundi 3, 101 Reykjavík

Skýrsla og áritun forstöðumanns

Óbyggðanefnd er ríkisaðili í A-hluta ríkissjóðs. Nefndin er sjálfstæð stjórnáslunefnd sem starfar á grundvelli III. kafla Þjóðlendulaga og hefur þrjú hlutverk:

1. Að kanna og skera úr um hvaða land telst til Þjóðlendna og hver séu mörk þeirra og eignarlanda, 2. að skera úr um mörk þess hluta Þjóðlendna sem nýttur er sem afréttur og 3. að úrskurða um eignarréttindi innan Þjóðlendna. Nefndin er sjálfstæð og óháð stjórnáslunefnd sem skipað er til hliðar við hið almenna stjórnkerfi ríkis og sveitarfélaga.

Starfsemi stofnunarinnar fellur undir málefnasvið 9 og málaflokk 30 samkvæmt flokkun í fjárlögum.

Á árinu 2022 var ársveltan kr. 115,6 milljónir og afkoma kr. 0,6 milljónir. Samkvæmt efnahagsreikningi er hrein eign kr. 3,8 milljónir í árslok og eignir samtals kr. 28,2 milljónir.

Starfsemi stofnunarinnar á árinu 2022 byggir á heimildum í fjárlögum og fjárukalögum fyrir árið 2022.

Það er álit mitt að ársreikningur 2022 gefi glögga mynd af rekstri, eignum, skuldum og eiginfjárstöðu óbyggðanefndar í samræmi við lög um opinber fjármál.

Forstöðumaður staðfestir hér með ársreikning óbyggðanefndar fyrir árið 2022 með rafrænni undirritun sinni.

Sigmar Aron Ómarsson
Framkvæmdastjóri

(undirritað rafrænt)

Yfirlit um afkomu ársins 2022

	Skýr	2022	2021
Tekjur			
Tekjufærsla fjárveitinga	2	115.400.000	111.900.000
Tekjufærsla frestaðra tekna fyrri ára	2	229.427	240.955
Tekjur samtals		<u>115.629.427</u>	<u>112.140.955</u>
Gjöld			
Laun, launatengd gjöld og starfsmannakostnaður	3	57.545.130	56.314.089
Annar rekstrarkostnaður	4	57.276.711	59.861.539
Afskriftir	5	229.427	240.955
Gjöld samtals		<u>115.051.268</u>	<u>116.416.583</u>
Afkoma fyrir fjármagnsliði		578.159	(4.275.628)
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)			
Vaxtagjöld, verðbætur og gengistap		0	(230)
		0	(230)
Afkoma ársins		<u><u>578.159</u></u>	<u><u>(4.275.858)</u></u>

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti yfirlits um afkomu ársins.

Efnahagsreikningur 31. desember 2022

	Skýr	31.12.2022	31.12.2021
Eignir			
Fastafjármunir			
Varanlegir rekstrarfjármunir:	6		
Áhöld, tæki og búnaður		299.033	528.460
Fastafjármunir samtals		<u>299.033</u>	<u>528.460</u>
Veltufjármunir			
Tengdir aðilar	7	27.855.176	18.937.932
Veltufjármunir samtals		<u>27.855.176</u>	<u>18.937.932</u>
Eignir samtals		<u><u>28.154.209</u></u>	<u><u>19.466.392</u></u>
Eigið fé og skuldir			
Eigið fé	8		
Hrein eign		3.829.352	3.251.193
Eigið fé samtals		<u>3.829.352</u>	<u>3.251.193</u>
Skuldir			
Tengdir aðilar	7	10.943.412	2.865.343
Viðskiptaskuldir		671.195	751.422
Ýmsar skammtímaskuldir	9	7.234.814	8.093.571
Frestun tekjufærslu fjárfestingarheimilda	10	5.475.436	4.504.863
Skuldir samtals		<u>24.324.857</u>	<u>16.215.199</u>
Eigið fé og skuldir samtals		<u><u>28.154.209</u></u>	<u><u>19.466.392</u></u>
Aðrar upplýsingar	11		

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti efnahagsreiknings.

Sjóðstreymisyfirlit ársins 2022

	Skýr	2022	2021
Rekstrarhreyfingar			
Hreint veltufé frá rekstri:			
Afkoma ársins		578.159	(4.275.858)
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi:			
Afskriftir	5	229.427	240.955
Tekjufærsla frestaðra tekna fyrri ára		(229.427)	(240.955)
		<u>578.159</u>	<u>(4.275.858)</u>
Lækkun (hækkun) rekstrartengdra eigna:			
Tengdir aðilar		360.825	13.896.107
Hækkun (lækkun) rekstrartengdra skulda:			
Skammtímaskuldir		(938.984)	(9.620.249)
		<u>(578.159)</u>	<u>4.275.858</u>
		<u>0</u>	<u>0</u>
Handbært fé frá rekstri			
		<u>0</u>	<u>0</u>
Hækkun (lækkun) á handbæru fé			
Handbært fé í byrjun árs		0	0
		<u>0</u>	<u>0</u>
Handbært fé í árslok			
		<u>0</u>	<u>0</u>

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti sjóðstreymisyfirlits.

Skýringar

1. Yfirlit um helstu reikningsskilaaðferðir

Grundvöllur reikningsskila

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um opinber fjármál og ákvarðanir reikningsskilaráðs A-hluta ríkissjóðs auk þess að styðjast við ákvæði laga um ársreikninga eftir því sem við á. Hér er gerð grein fyrir helstu reikningsskilaaðferðum sem beitt er við gerð ársreikningsins. Reikningsskilin eru skv. kostnaðarverðsreglu og eru á rekstrargrunni að öðru leyti en sjóðstreymi sem er á greiðslugrunni.

Við gerð reikningsskilanna þurfa stjórnendur að meta ýmis atriði og gefa sér forsendur um mat á eignum, skuldum, tekjum og gjöldum. Aðferðir þessar eiga sér stoð í alþjóðlegum reikningsskilastöðlum, IPSAS, ákvörðunum reikningsskilaráðs A-hluta ríkissjóðs eða styðjast við ákvæði ársreikningalaga, en raunverulegt verðmæti þeirra liða sem þannig eru metnir getur við sölu eða innlausn reynst annað en niðurstaða samkvæmt matinu.

Innlausn tekna

Tekjur af afhendingu á vörum og þjónustu til þriðja aðila eru metnar á gangvirði móttækis endurgjalds.

Tekjur af sölu vöru eru færðar þegar verulegur hluti áhættu og ávinnings af eignarhaldi hefur færst til kaupanda.

Tekjur vegna veittrar þjónustu eru færðar línulega yfir þann tíma sem þjónustan er veitt, nema fyrir liggir atvik sem betur lýsir lokum viðskiptanna.

Fjárveitingar til rekstrar ársins eru færðar til tekna á árinu.

Fjárveitingar sem ætlaðar eru til fjárfestinga eru færðar til tekna þannig að þær mæti þeim kostnaði sem af fjárfestingunni hlýst í formi afskrifta, úreldingar eða sölutaps.

Gjöld

Gjöld eru færð á því tímabili þegar til þeirra er stofnað.

Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir

Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum. Liggja kostnaðarverð ekki fyrir er miðað við metið gangvirði sem kostnaðarverð. Ef eignar er aflað án endurgjalds eða gegn vægu endurgjaldi er eignin færð til tekna á gangverði, þegar gangvirði verður ákvarðað með áreiðanlegum hætti, í yfirlit um afkomu.

Afskriftir eru reiknaðar línulega miðað við áætlaðan notkunartíma einstakra hluta rekstrarfjármuna þannig að kostnaðarverði, eða matsvirði, að frádregnu niðurlagsverði sé dreift á notkunartíma eignarinnar. Afskriftaraðferð, notkunartími og niðurlagsverð eru endurmetin á uppgjörsdegi og breytt ef við á.

Áætlaður notkunartími varanlegra rekstrarfjármuna er sem hér segir eftir flokkum:

Áhöld, tæki og búnaður 3-10 ár

Þegar bókfært verð eigna er hærra en endurheimtanlegt verð þeirra, eru eignirnar færðar niður í endurheimtanlegt verð.

Söluverð og þar með talinn söluhagnaður eigna myndar heimild til endurnýjunar eigna og er meðhöndlað sem fjárfestingarheimild. Tap af sölu eigna er mismunur á söluverði og bókfærðu verði á söludegi og er hluti af afkomu ársins.

Kostnaður vegna viðhalds er gjaldfærður í yfirlit um afkomu þegar hann fellur til. Kostnaður við meiriháttar endurbætur á varanlegum rekstrarfjármunum er eignfærður þegar endurbótum er ætlað að hafa í för með sér að eignir verði hæfari til tekjuöflunar eða nýtingartími breytist. Endurbæturnar eru afskrifaðar á áætluðum endingartíma viðkomandi eigna.

Skýringar

Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur eru færðar á nafnverði að frádreginni niðurfærslu til að mæta þeim kröfum sem kunna að tapast. Niðurfærslan er byggð á mati á tapsáhættu gagnvart einstökum kröfum og kröfunum í heild. Kröfur sem eru endanlega tapaðar eru færðar út úr bókum stofnunarinnar.

Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir

Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir eru skráðar eftir mati á þeim útgjöldum sem þarf til að gera upp skuldbindinguna. Skuldir sem gerast upp eftir lengri tíma en 12 mánuði, aðrar en orlofsskuldbinding, eru skráðar á núvirði áætlaðs framtíðarsjóðstremis vegna greiðslu þeirra.

Skuldbindingar

Skuldbindingar eru framtíðarútgjöld og -skuldir í samningum sem gerðir hafa verið á reikningsskiladegi.

Skuldbindingar eru flokkaðar þannig:

- leiguskuldbinding: óuppsegjanlegar rekstrarleigugreiðslur með leigutíma umfram eitt ár
- uppsegjanlegar skuldbindingar með viðurlögum eða útgöngukostnaðarákvæðum í samningi, eru færðar á því verði sem nemur viðurlögum eða útgöngukostnaði (það er lágmarks framtíðargreiðslur)

Skuldbindingar um greiðslu vaxta af skuldum, skuldbindingar um framlög og skuldbindingar sem tengjast ráðningarsamningum starfsmanna eru ekki taldar með í samantekt um skuldbindingar.

Tengdir aðilar

Tengdir aðilar er ríkissjóður og aðrir ríkisaðilar í A-hluta ríkissjóðs.

Samanburðarfjárhæðir

Þar sem við á hefur samanburðarfjárhæðum verið breytt til þess að gæta samræmis við breytingu á framsetningu þessa árs.

Skýringar

	2022	2021
2 Tekjufærsla fjárveitinga		
Fjárveiting ársins	115.400.000	111.900.000
Tekjufærsla frestaðra tekna	229.427	240.955
	<u>115.629.427</u>	<u>112.140.955</u>

Yfirlit um fjárveitingar ársins, breytingar þeirra og stöðu í árslok:

	Rekstur	Rekstrar- tilfærslur	Fjármagns- tilfærslur	Samtals
Fjárlög að frádregnum rekstrartekjum skv. fjárlögum	114.800.000	0	0	114.800.000
Launabætur	600.000	0	0	600.000
Fjárveiting til tekna	115.400.000	0	0	115.400.000
Ráðstöfun ársins, skv. yfirliti um afkomu að frádregnum sértekjum	(114.821.841)	0	0	(114.821.841)
Staða fjárveitinga ársins í lok árs	578.159	0	0	578.159

3 Laun, launatengd gjöld og starfsmannakostnaður

Laun	47.851.524	43.141.288
Orlof, breyting	(877.169)	3.466.911
Launatengd gjöld	10.221.142	9.061.486
Starfsmannakostnaður	349.633	644.404
	<u>57.545.130</u>	<u>56.314.089</u>

Meðalfjöldi stöðugilda	3,4	3,1
------------------------------	-----	-----

4 Annar rekstrarkostnaður

Bækur, ritföng, filmur o.fl.	74.338	153.551
Ýmis tæki og áhöld	121.752	75.300
Orkugjafar	510	481
Matvæli	553.707	516.885
Almennar rekstrarvörur	0	29.982
Vörukaup, almenn	<u>750.307</u>	<u>776.199</u>
Fundir, námskeið, risna	118.500	79.400
Ferðir, uppihald	4.216.423	3.375.405
Akstur	374.910	546.079
Sérfræðiþjónusta	44.767.841	49.350.505
Innheimta, umboðs-, sölu- og þjónustugjöld	8.418	10.567
Auglýsingar og kynningarstarfsemi	1.030.008	526.870
Prentun, póstur, flutningar og önnur þjónusta	663.563	588.923
Funda- og ferðakostnaður, akstur og ýmis sérfræðiþjónusta	<u>51.179.663</u>	<u>54.477.749</u>
Samningsbundin kaup og leiga	532.162	481.606
Afnotagjöld	630.152	593.381
Leigugjöld	323.568	3.532.604
Notkun véla og flutningatækja	328.400	0
Verkkaup	142.444	0
Kostnaðarhlutdeild	3.390.015	0
Leigugjöld, verkkaup, bætur, tryggingar, opinber gjöld o.fl.	<u>5.346.741</u>	<u>4.607.591</u>
Annar rekstrarkostnaður samtals	<u>57.276.711</u>	<u>59.861.539</u>

Skýringar

	2022	2021
5 Afskriftir		
Áhöld, tæki og búnaður	229.427	240.955
	<u>229.427</u>	<u>240.955</u>
	31.12.2022	31.12.2021
6 Varanlegir rekstrarfjármunir		
Varanlegir rekstrarfjármunir greinast þannig:		
Áhöld, tæki og búnaður	299.033	528.460
	<u>299.033</u>	<u>528.460</u>
Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir greinast þannig í árslok 2022:		
	Áhöld, tæki og búnaður	Samtals
Staða 01.01.2022	3.591.862	3.591.862
	<u>3.591.862</u>	<u>3.591.862</u>
Afskriftir 01.01.2022	3.063.402	3.063.402
Afskrift ársins	229.427	229.427
	<u>3.292.829</u>	<u>3.292.829</u>
Staða 31.12.2022	<u>299.033</u>	<u>299.033</u>
7 Tengdir aðilar		
Viðskipti við tengda aðila eru á sömu kjörum og viðskipti við ótengda aðila.		
<i>Kröfur á tengda aðila:</i>		
Viðskiptareikningur við ríkissjóð	27.855.176	18.937.932
	<u>27.855.176</u>	<u>18.937.932</u>
<i>Skuldir við tengda aðila:</i>		
Viðskiptareikningar við ríkisaðila í A-hluta ríkissjóðs	10.943.412	2.865.343
	<u>10.943.412</u>	<u>2.865.343</u>
8 Eigið fé		
Yfirlit um breytingar á eiginfjárreikningum;		
Hrein eign		
Jöfnuður 1.1.	3.251.193	7.527.051
Afkoma ársins	578.159	(4.275.858)
Jöfnuður 31.12.	<u>3.829.352</u>	<u>3.251.193</u>

Ráðstöfun afkomu ársins og yfirfærsla eiginfjár yfir á næsta ár er háð frekari yfirferð og byggir endanleg ákvörðun á reglum sem fjármála- og efnahagsráðuneyti setur út frá 30. gr. laga um opinber fjármál í samráði við viðkomandi fagráðuneyti. Niðurstaðan verður birt í séryfirliti með ríkisreikningi.

Skýringar

31.12.2022 31.12.2021

9 Ýmsar skammtímaskuldir

Ógreitt orlof	7.216.402	8.093.571
Önnur ógreidd gjöld	18.412	0
	<u>7.234.814</u>	<u>8.093.571</u>

10 Frestun tekjufærslu fjárveitinga til fjárfestinga

Ríkissjóður fjármagnar rekstur stofnunarinnar, þar með taldar fjárfestingar. Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum er í eðli sínu fyrirframgreiðsla kostnaðar sem dreift er til gjalda á notkunartíma eignarinnar í formi afskrifta. Við innfærslu eignanna eru færðar frestaðar tekjur vegna fjárveitinga til fjárfestinga sem færast til tekna á eftirstöðvum notkunartíma eignanna eða falla niður við sölu eignarinnar nema söluandvirðið verði notað til endurfjárfestingar.

	31.12.2022	31.12.2021
Frestaðar tekjur vegna fjárfestingafjárveitinga	299.033	528.460
Ónotuð fjárveiting til fjárfestinga	5.176.403	3.976.403
	<u>5.475.436</u>	<u>4.504.863</u>

	Frestaðar tekjur vegna fjárfestinga	Fjárfestinga-fjárveiting	Samtals frestaðar tekjur
Staða 01.01.2022	528.460	3.976.403	4.504.863
Fjárfestingarfjárveiting ársins	0	1.200.000	1.200.000
Tekjufærsla frestaðra tekna	(229.427)	0	(229.427)
	<u>299.033</u>	<u>5.176.403</u>	<u>5.475.436</u>

Af frestuðum tekjum vegna fjárfestinga í árslok 2022 munu kr. 0,2 milljónir koma til tekna á árinu 2023.

11 Aðrar upplýsingar

Skuldbindandi samningar

Stofnunin hefur gert þjónustusamning við Þjóðskjalasafn Íslands um gagnaöflun vegna rannsóknarskyldu nefndarinnar, árlegar greiðslur eru kr. 53 milljónir og áætluð verklok eru árið 2024. Óbyggðanefnd er í húsnæði á vegum Umbru, þjónustumiðstöðvar Stjórnarráðsins, árleg greiðsla húsaleigu er áætluð kr. 2,14 milljónir, aðrir samningar 0,72 mkr.

Veðsetningar

Engar veðsetningar eru áhvílandi á eignum stofnunarinnar í árslok 2022.

Veittar ábyrgðir

Stofnunin hefur ekki gengist í ábyrgðir vegna þriðja aðila.

Óafturkallanleg loforð

Stofnunin hefur ekki veitt nein óafturkallanleg loforð sem hafa áhrif á framtíðarrekstur hennar.

Atburðir eftir reikningsskiladag

Engir atburðir hafa átt sér stað eftir reikningsskiladag sem hafa áhrif á fjárhagsstöðu og upplýsingar í ársreikningi.